



Liberté • Égalité • Fraternité

RÉPUBLIQUE FRANÇAISE

AMBASSADE DE FRANCE
EN ISLANDE

FRÉTTATILKYNNING FRÁ FRANSKA SENDIRÁÐINU

Frönsk kvikmyndahátíð 2012 - Akureyri -

Sendiráð Frakklands á Íslandi og Græna ljósið kynna franska kvikmyndahátíð, sem var haldin í 12. sinn dagana 27. janúar til 9. febrúar í Reykjavík og verður nú haldin 18. til 20. febrúar í Borgarbíói á Akureyri.

Frönsk kvikmyndahátíð er annar stærsti kvikmyndaviðburður Íslands, næst á eftir Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Árlega sækja um 10.000 gestir frönsku kvikmyndahátíðina sem er fyrsti stóri menningarviðburður ársins. Eins og áður er hátíðin einnig skipulögð á Akureyri og er fjölbreytnin í fyrirrúmi á franskri kvikmyndahátíð en fjórar gæðakvikmyndir verða sýndar í Borgarbíói, tvær franskar, ein kanadísk og að auki ein frá Tsjad. Það er Sendiráð Frakklands á Íslandi sem skipuleggur hátíðina á Akureyri, í samvinnu við Sendiráð Kanada, Græna ljósið, Institut français og Alliance française í Reykjavík.

Kvikmyndirnar sem sýndar verða á Akureyri, 18. til 20. febrúar, 2012 eru eftirfarandi.

1. Opnunarmynd hátíðarinnar er ***The Artist*** (Listamaðurinn) eftir Michel Hazanavicius.

Listamaðurinn (The Artist) 2011 Frönsk kvikmynd/ Tegund: dramatísk gamanmynd/ Lengd: 100 mín / Leikstjórn: Michel Hazanavicius / Aðalhlutverk: Jean Dujardin, Bérénice Bejo, John Goodman.

Þessi mynd kom öllum að óvörum árið 2011 og er talin líkleg til að hreppa Óskarsverðlaunin 2012. Nú á tímum bíómynda í þrívídd, kemur „Listamaðurinn“ verulega á óvart: þetta er svart-hvít, þögul kvikmynd. Mjög djörf hugmynd sem gefur gersamlega slegið í gegn.

Þar er sögð saga George Valentin, sem var stjarna þöglu kvikmyndanna í Hollywood 1927. Þegar talmyndirnar komu til sögunnar, hrapaði stjarna hans mjög hratt. Á sama tíma reis stjarna Peppy Miller hátt í talmyndum, en hún hafði



fram að því verið aukaleikari í mörgum þögum myndum. Þessi kvikmynd fjallar um líf þeirra beggja og hvernig þau skarast.

Aðalleikari myndarinnar, Jean Dujardin, var valinn besti leikarinn í aðalhlutverki á Kvikmyndahátíðinni í Cannes 2011. Gagnrýnendur í New York völdu nýlega „Listamanninn“ sem bestu kvikmynd ársins og hún fékk einnig flestar tilnefningar – eða fimm talsins – hjá *Independent spirit awards*. Myndin varð einnig sigurvegari Golden Globe verðlaunahátíðarinnar en hún hlaut þrenn verðlaun á hátíðinni, meðal annars fyrir besta leikara í aðalhlutverki.

Í gagnrýni á vefsíðu New York Times má sjá eftirfarandi ummæli:

„Í kvikmyndinni „The Artist“ er lögð áhersla á að nýta víddir og eiginleika hins sjónræna miðils, með þvílíkum tilbrigðum og fegurð, að hún þarf einfaldlega ekki á talmáli að halda.“

<http://movies.nytimes.com/2011/11/25/movies/the-artist-by-michel-hazanavicius-review.html>

2. Stríðsyfirlýsing (La guerre est déclarée) 2011 Frönsk kvikmynd/ Tegund: Drama / Lengd: 100 mín / Leikstjórn: Valérie Donzelli / Aðalhlutverk: Valérie Donzelli, Jérémie Elkaim



Kvikmyndin *La Guerre est déclarée* (Stríðsyfirlýsing) verður einnig sýnd á sérstökum viðburði á hátíðinni. Þetta er annar stórviðburður á Franskri kvikmyndahátíð 2012!

Myndin er byggð á sönnum atburðum úr lífi leikstjórans sjálfs. Þetta er saga ungrar ástar, Rómeó og Júlíu, sem eru dregin harkalega út úr sínu hamingjuríka og áhyggjulausa lífi og neyðast til að horfast í augu við það óvænta í lífinu. Veikindi sonar þeirra neyðir þau inn í heim hinna fullorðnu. En þrátt fyrir þessar raunir gera erfiðleikarnir þeim kleift að blómstra, þau finna styrk og hugrekki hjá sjálfum sér, sem þau vissu ekki að þau ættu til.

Þetta er sú mynd sem fékk bestu viðtökurnar á Kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí s.l. – það var klappað í yfir 20 mínútur ! Hún var valin mynd ársins í Frakklandi.

Í gagnrýni á vefsíðu Libération Next má sjá eftirfarandi ummæli:

„Kvikmyndin hristir sannarlega upp í áhorfendum með því að tvinna saman tregabundnu viðfangsefni við senur sem fá áhorfendur til þess að tárast af hlátri.“

<http://next.liberation.fr/cinema/01012356882-desordres>

Kvikmyndir hins frönskumælandi heims utan Frakklands:

Franska kvikmyndahátíðin hefur frá árinu 2008 lagt áherslu á að sýna kvikmyndir hins frönskumælandi heims utan Frakklands. Til að mynda sýnum við með stolti kvikmynd frá Tsjad sem hlotið hefur mikið lof. Kvikmyndgerð í Québéc hefur einnig staðið með miklum blóma undanfarin ár og má í því sambandi nefna kvikmyndaleikstjórnann vinsæla, Denys Arcand, sem er með mynd á hátíðinni í ár.

3. Sá sem kallar (Un homme qui crie) 2011 kvikmynd frá Tsjad / Tegund: Drama / Lengd: 92 mín / Leikstjórn: Mahamat Saleh Haroun / Aðalhlutverk: Youssouf Djaoro, Diouc Koma, Emile Abossolo M'Bo

„Sá sem kallar“ er fyrsta kvikmyndin frá Afríku sem fær verðlaun á Kvikmyndahátíðinni í Cannes: „Prix du jury“ 2010.



Adam er á sextugsaldri og gamall sundmeistari, hann er sundkennari á lúxushótelu í N'Djamena. Hann neyðist til að gefa stöðuna eftir til sonar síns, Abdel þegar kínverskir fjárfestar kaupa hótelið. Hann upplifir þessar aðstæður mjög illa, og finnst hann vera settur út í horn í þjóðfélaginu.

4. Öld myrkursins (L'Âge des ténèbres) 2007 kanadísk kvikmynd / Tegund: dramatísk gamanmynd / Lengd: 108 mín / Leikstjórn: Denys Arcand / Aðalhlutverk: Marc Labreche, Diane Kruger, Sylvie Léonard

Kanadíski leikstjórinn Denys Arcand leikstýrði myndinni vinsælu, Hnignun ameríska heimsveldisins (Le Déclin de l'Empire américain)



„Fyrst maður getur hlegið að sjálfum sér, þá er ekki allt í kalda kolum. Arcand sannar það.“

Jean-Marc dreymir dagdrauma þar sér hann sjálfan sig sem riddara, leikhús- og kvikmyndastjórnu eða sem metsöluhöfund, konur falla unnvörpum fyrir honum og sofa hjá honum... Í raunveruleikanum er hann hins vegar ósköp venjulegt möppudýr, eiginmaður sem enginn tekur eftir, glataður pabbi sem reykir í laumi. En Jean-Marc spyrnir fótum við dagdraumunum og ákveður að gefa sjálfum sér nýjan séns í raunveruleikanum.

Nánari upplýsingar veitir Íris Hrund Þórarinsdóttir (iris.thorarinsdottir@diplomatie.gouv.fr) hjá Sendiráði Frakklands (s. 5759600).

Einnig má finna nánari upplýsingar um hátíðina, sýningartíma og annað á vefsíðu Sendiráðs Frakklands: <http://www.ambafrance-is.org/>